

## RELAXATION CENTRE

NUDD OG SNYRTING

## GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

Apótek  
GarðabæjarOpíð 9-18:30 virka daga  
Opíð 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins KGP.IS

42. tölublað 35. árgangur. Fimmtudagur 12. desember 2024

**Laxaolía** | Styður við heilbrigða húð og feld

FASTEIGNASALAN  
**TORG**

KRAFTUR  
TRAUST  
ÁRANGUR

Darri Örn  
löggtur fasteignasali  
Sími 767-0000

**FLATEY**  
PIZZA NAPOLETANA  
Garðatorgi 6. S.568 2666

Lyfjaval  
HEILSA & HÁRNGJÁ

**24/7**  
OPIÐ

Bílaapótek Lyfjavals  
Hæðasmára

## Árlegir tónleikar þýska sendiráðsins í Vídalínskirkju



Frábærir listamenn koma fram í Vídalínskirkju, m.a. þeirra eru Hallveig, Kristinn og Einar

Föstudagskvöldið 13. desember er komið að árlegum jólatónleikum sem þýska sendiráðið stendur fyrir til styrktar slysavarnarfélaginu Landsbjörgu. Tónleikarnir eru haldnir í samstarfi við Menningu í Garðabæ og Vídalínskirkju. Að þessu sinni koma fram einsöngvararnir Kristinn Sigmundsson, Hallveig Rúnarsdóttir, Gissur Páll Gissurarson og Hildigunnur Einarsdóttir en með þeim leika píanóleikarinn Helga Bryndís Magnúsdóttir og Jóhann Baldvinsson organisti. Þá syngur Mótetturkórinn

nokkur lög og tekur undir í nokkrum lögum einsöngvaranna. Einnig kemur fram hópurinn Korsilettarnar og félagarnir Einar Örn Magnússon og Matthías Helgi Sigurðarson syngja jólaþerlur sem hitta í hjartastað.

Að sögn menningarfulltrúa Garðabæjar, Ólafar Breiðfjörð er samstarfið við þýska sendiráðið einstaklega ánægjulegt og ávallt húsfullir á tónleikumunum en aðgangur er ókeypis en tekið á móti framlögum til styrktar Landsbjörgu.

KOMINNTÍMÁ  
SKOÐUN?

Verið velkominn með bílinn í skoðun, þið finnið næstu skoðunarstöð á [frumherji.is](http://frumherji.is)

Frumherji

**HAFID**  
FISKVERSLUN  
- Gæðin skipta máli -

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi

**YUZU** HEFUR OPNAÐ Í LITLATÚNI, GARÐABÆ

"SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI"

**YUZU**

**LEMON**

MEIRA NÆS - MEIRA GOTT

**30%**  
AFSLÁTTUR  
MEÐ VILDARKORTI  
LINDAR

VILDARKORT  
LIND  
FASTEIGNASALA

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



**LIND**  
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / [www.fastlind.is](http://www.fastlind.is)



# Erindi um Minjagarðinn á Hofsstöðum



Ólöf í pontu í Safnahúsinu við Hverfisgötu á ársfundi Minjastofnunar

Ólöf Breiðfjörð menningarfulltrúi flutti erindi á Ársfundi Minjastofnunar á dögnum en hún sagði frá nýjungum í fræðslu í Minjagarðinum á Hofsstöðum og margmiðlunarsýningunni Aftur til Hofstaða.

Leiðin sem bæjarstjórn Garðabæjar fór í upphafi þegar fornleifar fundust í bænum er talin til fyrirmyndar enda vandað til verka í hönnun og gerð Minjagarðsins. Nú þegar

ný sýning hefur tekið við þeirri gömlu njóta Garðabæingar góðs af því hve vel tókst til í byrjun en bekkir, lýsing og veggur í kringum rústina stenst tímans tönn. Segja má að Garðabær sé öðrum til eftirbreytni þegar kemur að því að endurnýja stafrænar sýningar á minjastað. Að sögn Ólafar er Minjagarðurinn og Aftur til Hofstaða mikið heimsóttar sýningar bæði af skólahópum sem almennings.

# Afkoma bæjarins og fjárhagsstaða styrkist enn frekar þrátt fyrir óvissu í efnahagsmálum, háa vexti og verðbólgu

## Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2025 samþykkt í bæjarstjórn

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti sl. fimmtudag fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2025. Í henni er lögð áhersla á sterkan rekstur sveitarfélagsins og framúrskarandi þjónustu við íbúa. Útkomuspá fyrir yfirstandandi ár sýnir að áherslur síðustu ára á sterkari grunnrekstur hafa gengið eftir. Afkoma bæjarins og fjárhagsstaða styrkist enn frekar þrátt fyrir óvissu í efnahagsmálum, háa vexti og verðbólgu.

### Lykiltölur fjárhagsáætlunar:

- Rekstramiðurstaða A sjóðs er jákvæð um 359 m.kr.
- Rekstramiðurstaða A og B sjóðs er jákvæð um 712 m.kr.
- Veltufé frá rekstri nemur um 2.949 m.kr. og 9,1% af heildartekjum bæjarins.
- Skuldahlutfall A sjóða lækkar í 119%
- Skuldaviðmið samstæðu áætlað 103,9%

### Lágar álögur, sterkur rekstur og framúrskarandi þjónusta

Markmið fjárhagsáætlunar er að halda álögum lágum, tryggja áframhaldandi lífsgæði íbúa og halda áfram að þróa og bæta þjónustu sveitarfélagsins.

### Lækka fasteignaskattinn og með lægstu útsvarsprósentu á meðal stærri sveitarfélaga

„Við erum stolt af því að við lækkuðum fasteignaskattinn og erum sem fyrr með lægstu útsvarsprósentu meðal stærri sveitarfélaga á landinu. Þetta er okkar stefna og mikilvægt til að létta byrðar af heimilum og fyrirtækjum,“ segir Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar. Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði lækki í 0,161% frá síðasta ári og útsvarsprósentan í Garðabæ verði áfram 14,71%.

### Framkvæmt fyrir sex milljarða

Garðabær áformar framkvæmdir upp á sex milljarða króna árið 2025. Þar vegur þyngst þriðji áfangi Urriðaholtsskóla með sundlaug og íþróttahúsi, mikilvægar veituframkvæmdir á Álfanesi og umbætur á leik- og grunnskólalóðum. „Við höldum áfram að sýna ráðdeild þegar kemur að framkvæmdum, forgangsroðum þeim en höfum gæfu til þess að setja fram framtíðarsýn þar sem íbúar njóta góðs af traust-



Í fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2025 er lögð áhersla á sterkan rekstur sveitarfélagsins og framúrskarandi þjónustu við íbúa



„Við erum stolt af því að við lækkuðum fasteignaskattinn og erum sem fyrr með lægstu útsvarsprósentu meðal stærri sveitarfélaga á landinu. Þetta er okkar stefna og mikilvægt til að létta byrðar af heimilum og fyrirtækjum,“ segir Almar

um og nútímalegum innviðum, í nýrri og eldri hverfum. Mikilvægar nýframkvæmdir og endurbætur munu áfram njóta forgangs. Uppbygging í Garðabæ heldur áfram og íbúar geta treyst á góða þjónustu - hvar og hvenær sem er,“ bætir Almar við.

### Mæta ungmennum og eldra fólki

Íbúum Garðabæjar gafst kostur á að senda inn ábendingar um áherslur í fjárhagsáætlun ársins 2025. Dæmi um ábendingar sem tekið var tillit til eru endurbætur á lóð Hofstaðaskóla sem munu hefjast á næsta ári. Þá mun hefjast undirbúningur að nýju virkniarræði fyrir fatlað fólk í samræmi við ábendingar íbúa.

Í fjárhagsáætlun er lögð megináhersla á að mæta ungmennum og eldri borgurum Garðabæjar ásamt því að efla stafræna þjónustu bæjarins. Áherslumál ársins 2025 má kynna sér í greinargerð fjárhagsáætlunar.

### Unnið verður að fjölmörgum verkefnum

„Í umfangsmikilli fjárhagsáætlun Garðabæjar er auðvelt að tyna sér í tölunum. Mér finnst því mikilvægt að draga fram með einföldum hætti dæmi um þau fjölmörgu verkefni sem við munum vinna að og klára árið 2025,“ segir Almar og nefnir dæmi:

- Lagfærum skólalóð Hofstaðaskóla
- Hönnun stækkun á skólalúsnæði og opnum nýja leikskóladeild á Álfanesi
- Aukum áherslu á greiningu og eftirfylgni með námsárangri barna í bænum
- Kaupum nýjan búnað til raungreina-kennslu
- Sköpum atvinnutækifæri fyrir fatlað fólk í stofnunum bæjarins
- Höldum áfram framkvæmdum við sundlaug og íþróttasal í Urriðaholtsskóla
- Hleypum Ungmennahúsi af stokkunum
- Hefjum framkvæmdir við tengingu fráveitu Álfaness við Skerjafjarðaveitur
- Fjölgum ráðgjöfum í barnavernd
- Höldum áfram með framkvæmdir á verkefnum sem hlutu kosningu í Betri Garðabæ
- Nýtum stafrænt vinnuafli í auknum mæli með aðstoð róbótatekni og gervigreindar
- Tökum í notkun nýja aðstöðu fyrir eldri borgara á Álfanesi

**FRÍMANN & HÁLFDÁN**  
ÚTFARARÞJÓNUSTA

<p>Frímann 897 2468</p>	<p>Hálfván 898 5765</p>	<p>Ólöf 898 3075</p>	<p>Jón 793 4455</p>
-----------------------------	-----------------------------	--------------------------	-------------------------

Stapahrauni 5, Hafnarfirði  
Sími: 565 9775  
www.uth.is - uth@uth.is

Munið að panta tímanlega fyrir jólin  
Tímabantanir í síma 565 6620



Ekki gleyma vinsælu gjafabréfunum í jólapakkann!

# Madonna

HÁRGREIÐSLUSTOFAN  
GARÐAFLÖT 16-18 S: 565 6620

Verið velkomin - opið alla virka daga frá 9-18

# Karen Lind hlaut Háttvísibikar GKG

Að venju var háttvísibikar GSÍ veittur á aðalfundi GKG í síðustu viku þeim unga kylfingi sem þykir hafa skarað fram úr á árinu hvað varðar árangur og framfarir, ástundun, metnað til að ná langt, félagsanda og ekki síst fyrirmynd annarra félagsmanna, ungra sem aldna hvað varðar háttvísi innan vallar sem utan. Háttvísibikarinn 2024 hlaut Karen Lind Stefánsdóttir.

Karen Lind hefur undanfarin ár verið ein af fremstu kylfingum GKG síðustu ár. Hún varð klúbbmeistari GKG 2024 og er frábær fyrirmynd fyrir aðra kylfinga. Hefur mikinn metnað, er jákvæð og er leiðtogi í hópi. Karen hefur verið ein af leiðbeinendum á gólfleikjanámskeiðum GKG og sýnt þar frumkvæði og góða nærveru. Karen hefur verið dugleg að taka þátt í mótum á GSÍ mótardönni ásamt því að taka þátt í mótum á Unglingamótardönni GSÍ.



Karen Lind varð klúbbmeistari GKG 2024. Hún hefur mikinn metnað, er jákvæð og er mikill leiðtogi í hópi. Hún er sannarlega frábær fyrirmynd fyrir aðra kylfinga

Núna í nóvember sl. skrifað Karen undir samning við University of St. Thomas í St. Paul, Minnesota og mun hefja þar nám 2025 og spila með liði skólans sem leikur efstu deild í NCAA í Bandaríkjunum.

Hér fyrir neðan má sjá þau glæsilegu ungmenni sem hlotið hafa þessa nafnbót frá árinu 2014.

- 2024 Karen Lind Stefánsdóttir
- 2023 Gunnlaugur Árni Sveinsson
- 2022 Katrín Hörn Daniélsdóttir
- 2021 Jón Þór Jóhannsson
- 2020 Róbert Leó Arnórsson
- 2019 Anna Júlía Ólafsdóttir
- 2018 Jón Gunnarsson
- 2017 Hulda Clara Gestsdóttir
- 2016 Hlynur Bergsson
- 2015 Elísabet Ágústsdóttir
- 2014 Aron Snær Júlíusson



# Það þarf fólk eins og *þig* fyrir fólk eins og *mig!*

## Garðbæingurinn okkar 2024

Garðabær óskar eftir tilnefningum frá íbúum.  
Hver á nafnbótina skilið að þínu mati?

Opið er fyrir innsendingar á tilnefningum til  
23. desember. Kynntu þér málið á [gardabaer.is](http://gardabaer.is).

„Garðbæingurinn okkar 2024“ verður útnefndur  
í janúar.

## Hver hlýtur nafnbótina?

Öll getum við haft áhrif til góðs á nærumhverfi okkar. Með því  
að útnefna „Garðbæinginn okkar“ erum við að þakka fyrir það  
sem vel er gert, þakka einstaklingi fyrir sitt framlag, þeim sem  
eru til fyrirmyndar á einhvern hátt og minna okkur á að við  
getum öll haft áhrif.

Til greina koma Garðbæingar sem hér búa en einnig það fólk  
sem starfar eða dvelur í bænum okkar til lengri og skemmri  
tíma og hefur jákvæð áhrif bæjarbraginn. Gott fólk finnum  
við út og suður í bænum okkar, fólk í framlínunni sem hefur  
jákvæð áhrif á nærumhverfi sitt og gerir daginn okkar betri.

Dómnefnd velur „Garðbæinginn okkar 2024“ úr innsendum  
tillögum og mun viðkomandi sem hlýtur nafnbótina fá árskort  
í sundlaugar Garðabæjar, árskort í Hönnunarsafn Íslands og  
þriggja daga gjafakort í Bláfjöll.



GARÐABÆR

GOTT SAMFÉLAG  
GARDABAER.IS



# GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson  
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: www.kgp.is  
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson  
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Garðapósturinn kemur næst út fimmtudaginn 19. desember

Síðasti skiladagur föstudaginn 13. desember  
valdimar@gp.is - Sími 697 4020

Garðapósturinn með bæjarbúum í 35 ár - frá 1989

Vefsíða Garðapóstsins er: [www.kgp.is](http://www.kgp.is)

Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING  
TRAUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | [www.utforin.is](http://www.utforin.is)

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Andrés Andrésson  
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn  
Jóhannsson  
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða [utforin@utforin.is](mailto:utforin@utforin.is)

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is)

# K.C. - MÁLUN

kcarter@internet.is  
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málameistari

MÁLNING · SPARTSL · VEGGFÓÐUR · FLÍSAÞÖGN



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | [utfor@utfor.is](mailto:utfor@utfor.is) | [utfor.is](http://utfor.is)  
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Vefmiðill Garðapóstsins [kgp.is](http://kgp.is)

[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)

[Instagram.com/Gardaposturinn](https://www.instagram.com/Gardaposturinn)



## Jólafundur, hins klassíska Leshrings

Jólafundur Leshrings Bókasafns Garðabæjar, hins klassíska, var haldinn í byrjun desember. Var það síðasti fundur á þessu ári en starf mun hefjast að nýju í lok janúar.

Lesnar voru jólasögur- og ljóð og eins voru ræddir valdir kaflar úr sögu Auðar Övu Ólafsdóttur, Dýralíf. Sú bók fellur vel að umfjöllunarefni leshringsins þetta haustið sem var „Bækur um bækur“ og gerist þar að auki í vetrarmyrki, rétt fyrir jól, þegar áður óþekkt lægð er í aðsigi og persónur eru að undirbúa jólahald,” segir Rósa Þóra Magnúsdóttir verkefnastjóri á Bókasafni Garðabæjar, en hún heldur utan um Leshringinn.



Meðlimir lögðu til girnilegar kræsingar með kaffinu og áttu saman ljúfa og notalega jólastund. Starfsfólk bókasafnsins vill nota tækifærið og þakka góða og skemmtilega

fundi á haustönn og senda sínar bestu jólaþakkaðir til allra þátttakenda. „Okkur hlakkar til endurfunda og nýrra verkefna á vorönn,” segir Rósa að lokum.

## Ónýttir hvatapeningar geymast ekki á milli ára

Garðabær minnir á hvatapeningana

Nú þegar áramótin nálgast er forráðafólk barna og unglunga í Garðabæ minnt á að nýta hvatapeninga ársins 2024 fyrir áramót. Kvittunum á að skila fyrir lokun þjónustuværs Garðabæjar þann 17. desember. Ónýttir hvatapeningar geymast ekki milli ára.

Hvatapeningar ársins 2024 eru 55.000 krónur á barn. Öll börn á aldrinum 5-18 ára, með lögheimili í Garðabæ, fá hvatapeninga. Hægt er að sækja um 15.000 kr. til viðbótar ef tekjur eru undir ákveðnu

viðmiði, það er gert í gegnum þjónustugátt Garðabæjar. Upplýsingar og reglur um hvatapeninga má nálgast á [gardabaer.is](http://gardabaer.is).

Hvatapeningar eru hugsaðir til að hvetja börn og unglunga á aldrinum 5 til 18 ára til þátttöku í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi sem leitt er af þar til hæfum leiðbeinendum.

Árið 2025 verða hvatapeningar fyrir hvert barn 60.000 krónur.



Hvatapeningar ársins 2024 eru aðeins greiddir út á árinu 2024

# Gjöf til þín frá Marc Inbane

ÞÚ KAUPIR BRÚNKUFROÐU, BRÚNKUSPREY, BRÚNKUDROPA  
EDA HÝALÚRONSÝRU BRÚNKUSPREY OG FÆRÐ  
POWDER BRUSH MEÐ Í GJÖF



[WWW.MARCINBANE.IS](http://WWW.MARCINBANE.IS)




Gleðilega  
hátið

# JÓLALEIKUR FJARÐARKAUP

DRÖGUM ÚT GLÆSILEGA  
VINNINGA Á HVERJUM DEGI

**TAKTU ÞÁTT**

[WWW.FJARDARKAUP.IS](http://WWW.FJARDARKAUP.IS)



**FK**  
FJARÐARKAUP

*einstök  
verslun*





# Ábyrgur rekstur, framúrskarandi þjónusta

## Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2025 samþykkt

Fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2025 var samþykkt á fundi bæjarstjórnar 5. desember sl. ásamt því að 3ja ára áætlun fyrir árin 2026-2028 var lögð fram. Leiðarljós Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ er nú sem endranær ábyrgur rekstur bæjarfélagsins, lágur skattalögur og framúrskarandi þjónusta við bæjarbúa.

Álagningarhlutfall fasteignaskatts af íbúðarhúsnæði lækkar í 0,161% af fasteignamati og verður þar með áfram hið lægsta á höfuðborgarsvæðinu.

Áætlað er að bæjarsjóður skili rúmlega 700 m.kr. rekstrarhagnaði á árinu 2025.

### Styrk fjármálastjórn – stöðugleiki

Við framlagningu fjárhagsáætlunar fyrir réttu ári síðan lögðum við bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins upp með það leiðarljós að stöðuga rekstur A hluta bæjarsjóðs á árinu 2024.

Útkomuspá fyrir árið 2024 sýnir að þetta markmið muni nást. Þrátt fyrir viðvarandi verðbólgu og háa vexti undanfarin ár ásamt miklum launahækkunum og auknum þunga velferðarmála hefur fjárhagslegt aðhald og rekstrarhagræðing skilað stórbættri afkomu A hluta bæjarsjóðs á yfirstandandi ári og þar með einnig samstæðunnar í heild. Þetta hefur náðst án þess að dregið hafi verið úr viðhaldi og endurbótum á fasteignum bæjarins sem ráðist var í af miklum krafti á árinu 2023 og fram haldið á yfirstandandi ári.

Samkvæmt útkomuspá 2024 verður rekstrarhagnaður A hluta bæjarsjóðs 94 m.kr. og rekstrarhagnaður samstæðu A og B hluta samtals 474 m.kr.

Rekstrarhagnaður A hluta bæjarsjóðs 2025 er áætlaður 304 m.kr. og rekstrarhagnaður samstæðu A og B hluta 712 m.kr.

Þessi styrking á rekstri bæjarsjóðs byggir fyrst og fremst á festu við stjórn fjármála bæjarins og eiga bæjarstjóri, sviðstjórar, forstöðumenn stofnana og allt annað starfsfólk Garðabæjar þar stærstan hlut að máli.

### Þjónustan eflid

Á árinu 2025 verður lögð sérstök áhersla á að mæta ungmennum, eldri borgurum og

bæjarins. Áætlað er að veltufé frá rekstri bæjarsjóðs á árinu 2024 verði 2.665 m.kr., nái tæpum 2.950 m.kr. á árinu 2025 og aukist síðan jafnt og þétt á næstu árum.

Stóraukið veltufé frá rekstri leiðir til þess að áfram verður fjárfest markvisst í innviðum bæjarins með hóflegri lántöku. Skuldahlutfall hefur lækkað, ekki síst í A sjóði, og mun sú þróun halda áfram á næstu árum.

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2026-2028 er áformuð áframhaldandi styrking innviða bæjarins á næstu árum. Áætluð fjárfesting 2025 nemur um 5.000 m.kr. og áætlað er að fjárfest verði fyrir rúmar 15.000 m.kr. á tímabilinu 2026-2028 til frekari uppbyggingar íbúðarsvæða, skólabygginga og skólalóða, íþróttamannvirkja, stíga, útivistarsvæða o.fl.

### Ábyrgur rekstur í þágu íbúanna

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ hafa í gegnum tíðina

lagt megin áherslu á styrka fjármálastjórn og stöðugleika í fjármálum bæjarins. Þannig hefur verið lagður grunnur að lágum sköttum á bæjarbúa.

Áfram stefnum við ótrauð að því að álagningarhlutföll útsvars og fasteignaskatts í Garðabæ séu áfram hin lægstu meðal stærstu sveitarfélaga landsins, að þjónustukannanir staðfesti mikla ánægju íbúa með þá þjónustu sem bærinn veitir og að íbúar séu ávallt mjög ánægðir með Garðabæ sem sveitarfélag til að búa í.

**Björg Fenger,**  
bæjarfulltrúi og formaður bæjarráðs  
**Gunnar Valur Gíslason,**  
bæjarfulltrúi og formaður velferðarráðs



Björg Fenger



Gunnar Valur

fötluðu fólk í Garðabæ. Það gerum við m.a. með því að styrkja enn frekar skólaþjónustuna, efla forvarnarstarf barna og ungmenna, vinna gegn félagslegri einangrun eldri borgara ásamt því að hefja undirbúning að nýjum virkniúrræðum fyrir fatlað fólk.

Þessu til viðbótar er ætlunin að nýta stafrænar lausnir í auknum mæli til að bæta enn frekar þjónustu við bæjarbúa.

Unnið verður áfram að hagræðingu í rekstri árið 2025, enda mikilvægt að fjármunir bæjarbúa nýtist sem best.



**Mikið fjárfest í innviðum Garðabæjar**  
Veltufé frá rekstri er ein mikilvægasta kennitalan í rekstri sveitarfélaga. Þetta er fjárhæðin sem afgangur verður þegar búið er að greiða allan rekstrarkostnað og alla vexti af lánum

# Flöskuskeyti í Gróskusalnum

Verið velkomin á Flöskuskeyti, fyrstu samsýningu nemenda á listmálarabraut Myndlistaskólans í Reykjavík! Á sýningunni má sjá fjölmörg málverk sem marka fyrstu skref þeirra sem listmálarar. Titill sýningarinnar vísar í það ferðalag sem þessir listamenn eru að hefja, en einnig verkin sjálf. Mörg verkin fjalla á einhvern hátt um ævintýri, nostalgiu, minningar og goðsagnir hafnsins. En þrátt fyrir fjölbreyttan bakgrunn listamannana þá felst í list þeirra ferðalag úr sjónum upp á land, úr fortíðinni yfir í samtímann.

Sýningin verður haldin í Gróskusalnum, Garðatorgi 1 og opið verður tvær helgar í desember, það er 14.-15. desember og 21.-22. desember frá klukkan 14:00-18:00.

Formleg opnun er laugardaginn 14. desember kl. 15:00-18:00. Boðið verður upp á smákökur og notalegheit í anda aðventunnar.



# JÓLA-MÁLTÍÐIN ÞÍN

LUX VEITINGAR

## SÆLKERA BÚÐIN

BITRUHÁLSI 2

SÆLKERABÚÐIN.IS



# Svíf þú inn í svefninn

...í rúmi frá okkur!

**RB**  
RÚM



 **heklaíslandi**



Hágæða Florence bómullarhandklæði  
og nátt sloppar frá CLARYSSE bath & kitchen



Falleg handmáluð jólakerti frá FLATYS

Íslensk  
hönnun

**RB rúm** | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

[www.rbrum.is](http://www.rbrum.is) | [rurum@rbrum.is](mailto:rurum@rbrum.is) | erum á Instagram 

Opð mánudaga til fimmtudaga 08:00-18:00 • föstudaga 08:00-17:00 • laugardaga 10:00-14:00





# Kæsingin verður svæsin í ár

Skötuveisla í Sjúlandi á Þorláksmessu

Múlakaffi blæs til glæsilegrar skötuveislu í Sjúlandi á Þorláksmessu! Skötuhaðborð í allri sinni dýrð ásamt úrvali af forréttum og eftirréttum og samkvæmt Undrakokkinum verður kæsingin svæsin í ár.

Hinn rómaði roksöngvari Mick Jagger (Björn Stefánsson) skemmtir skötugestum. 6 og 10 manna borð í boði. Takmarkaður sætafjöldi! Miðasala fer fram á Dineout.is



# Tannlækningar fyrir alla aldurshópa

Fyrir á árinu opnaði tannlæknastofan Perluhvítar á Garðatorgi 7

Fyrir á árinu opnaði tannlæknastofan Perluhvítar á Garðatorgi 7. Tannlæknarnir á bakvið stofuna eru þær Camilla Petra Sigurðardóttir og Svanhildur Sóley Þorleifsdóttir, sem áður störfuðu saman á tannlæknastofu í Hlíðasmára.

Síðastliðið haust ákváðu þær að kaupa rekstur Gunnars Erlings Vagnssonar heitins, þá báðar langt gengnar með sitt þriðja barn. Hafist var handa við að taka stofuna í gegn þar sem m.a. tannlækna-stólar og röntgentæki voru endurnýjuð.

Stofan er einstaklega hlýleg og vel tækjum búin þar sem öllum almennum tannlækningum er sinnt, allt frá barnatannlækningum upp í februnartannlækningar.

## Fyrsta skoðun um 2½ árs

Stofan býður upp á tannlækningar fyrir alla aldurshópa. Þær segja mikilvægt að börn byrji snemma að mæta til tannlækis svo aðlögun geti hafist. „Best er að þau komi



F.v. Svanhildur Sóley með Ragnhildi Sóleyju og Camilla Petra með Hrafninnu

fyrst um 2½ árs aldur, þá eru þau mjög móttækileg. Við leggjum mikið upp úr því að gera heimsóknina ánægjulega. Ef tónn þarfnast viðgerðar þá bjóðum við upp á sjónvarpsglæraugu eða glaðloft ef þess þarf,” segir Svanhildur.

## Tannréttingar með glærum skinnum

„Í dag eru tannréttingar með skinnum sífellt að færast í aukana og geta verið praktískur og hagkvæmur kostur fyrir marga. Við höfum notað Invisalign skinnur í fjölbreyttum tilgangi, eins og að laga bitskekkjur en einnig til að byggja upp bros þegar tennur hafa slitnað mikið eða til að undirbúa tennurnar fyrir postulíns smíði.”

## Líf og fjör á Garðatorgi

„Reksturinn byrjaði af meiri krafti en við ætluðum og við höfum þurft að haga seglum eftir vindi. Við eigum einstaklega góða að sem hafa hjálpað okkur með þetta verkefni. Mikil vinna síðasta árið og í mörg horn að líta - en á sama tíma mjög gefandi. Við unum okkur vel á Garðatorginu, hér er gott að vera,” segir Svanhildur.

Stofan á Garðatorgi er einstaklega hlýleg og vel tækjum búin



# Jólaskógur í Smalaholti

laugardaginn 14. desember kl. 11:30–15:00.



Fjölskyldan velur sér tré í skóginum og fellir sjálf. Fallegar furur og greni.

Sama verð á öllum jólatrjám óháð stærð, kr. 8.000

Aðkoma að skóginum í Smalaholti er frá Elliðavatsnavegi norðan við Vífilstaðavatn.



# GEFÐU ÞÉR OG ÞEIM SEM ÞÉR ÞYKIR VÆNST UM VELLÍÐAN

## GJAFAKORT

Nafn korthafa: \_\_\_\_\_

Þjónusta eða vara: \_\_\_\_\_

Tímalengd eða upphæð: \_\_\_\_\_ Gildir út: \_\_\_\_\_



www.relaxation.is

RELAXATION CENTRE  
NUDD OG SNYRTING

Nýbúlavegi 8 & [www.relaxation.is](http://www.relaxation.is)



ÞORLÁKSMESSA  
Á SJÁLANDI

23. DES

# SKÖÖTU VEISLA

Múlakaffi blæs til glæsilegrar veislu!  
Skötuhlaðborð í allri sinni dýrð ásamt  
úrvali af forréttum og eftirréttum.

Hinn rómaði rokksöngvari  
**Mick Jagger** (Björn Stefánsson)  
skemmtir skötugestum.

6 og 10 manna borð í boði.  
Takmarkaður sætafjöldi!

Miðasala: [dineout.is](http://dineout.is)



MÚLAKAFFI

  
SJÁLAND



# Framkvæmdir hefjast við Garðabæjarstokk árið 1934

## Ný upplýsingagátt um framkvæmdir sem heyra undir Samgöngusáttmálann

Nú gefst áhugasömum kostur á að fylgjast grannt með stöðu framkvæmdir við Borgarlínu, stofnvegi og göngu- og hjólastíga á nýjum vef, [verksja.is](http://verksja.is).

Verksja.is er ný upplýsingagátt þar sem finna má upplýsingar um allar helstu framkvæmdir sem heyra undir Samgöngusáttmálann. Yfirlitskort, staða framkvæmda, umfang, áætluð verklok, myndefni og ýmiss annar fróðleikur.

Garðabær og fimm sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavík og Seltjarnarnes, gerðu í haust samkomulag við íslenska ríkið um uppfærðan sáttmála sem felur í sér uppbyggingu á samgönguinviðum og almenningsamgöngum á svæðinu til ársins 2040.

Í uppfærðum Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins er megin áhersla lögð á styttri ferðatíma, minni tafir og aukid umferðaröryggi. Uppbygging stofnvega og stórbættar almenningsamgöngur, auk fjölgunar hjóla- og göngustíga eru lykilþættir í að tryggja betri samgöngur.

**Stofnvegir:** Samkvæmt uppfærðum Samgöngusáttmála verður ráðist í 6 ný verkefni við stofnvegi á höfuðborgarsvæðinu auk þeirra þriggja sem þegar er lokið. Öll verkefni eiga að auka flæði og umferðaröryggi. Framkvæmdir við Arnarnesveg eru í gangi en tenging hans við Breiðhóltsbraut og Rjúpnaveg verður mikil samgöngubót.

**Borgarlínan:** Er almenningsgangakerfi (Bus rapid transit) þar sem Borgarlínuvagnar munu að mestu aka í sérrými og hafa forgang á gatnamótum. Þannig munu Borgarlínuvagnar



ferðast um umferðarþyngstu svæði höfuðborgarsvæðisins án þess að önnur umferð hafi áhrif á ferðir þeirra. Fossvegssbrú er hluti af 1. lotu Borgarlínu en að auki er gert ráð fyrir gangandi og hjólandi vegfarendum um brúna. Áætlað er að um 10 þúsund manns muni daglega nýta sér brúna. Stefnt er að því að framkvæmdir hefjist snemma á nýju ári.

**Göngu- og hjólastígar:** Áætlað að byggja upp alls um 100 km stígakerfi á höfuðborgarsvæðinu, auk undirganga og brúa. Nú þegar er framkvæmdum lokið við um 20 km af göngu- og hjólastígum. Gert er ráð fyrir að um 13% af fjárfestingum Samgöngusáttmálans fari í göngu- og hjólastíga, göngubrýr og undirgöng.

### Framkvæmdir hefjast við Garðabæjarstokk árið 1934

Ef horft er til framkvæmda er tengjast Garðabæ beint að þá er reiknað með að Hafnarfjarðarvegur verði lagður í vegstokk sem tryggja mun frjálst flæði umferðar um tvö gatnamót sem í dag eru ljósastýrð. Stokkurinn má s.s. ná frá

gatnamótum, Álftanesvegur, Hafnarfjarðarvegur og Reykjavíkurvegur í Engidal að gatnamótun Hafnarfjarðarvegur og Víflisstaðavegur. Þrátt fyrir að þessi tvö gatnamót afkasti umferð þökkalega er fyrirhuguð talsverð þétting byggðar í grennd við fyrirhugaðan stokk sem auka mun álagið á þessum gatnamótum umtalsvert og viðbúið að langar biðraðir myndist á álagstímum.

Sérrými Borgarlínunnar og hjóla- og göngustígar verða lagðir á yfirborði stokksins aðskildir frá akandi umferð.

Hönnun á stokknum er ekki hafin og endanleg útfærsla stokksins liggur ekki fyrir. Í uppfærðri framkvæmdaáætlun er gert ráð fyrir 450 m löngum stokki og að framkvæmdir hefjist á árinu 2034.

Áætlanagermiðast við að framkvæmdir hefjist og ljúki á síðasta tímabili framkvæmdaáætlunar samgöngusáttmálans á árunum 2035 - 2040. Áætluð verklok við Garðabæjarstokkinn er árið 2040 og áætlaður kostnaður er 12,8 ma.

## AS WE GROW

UMHVERFISVÆN ÍSLENSK HÖNNUN

KLAPPARSTÍG 29 | [ASWEGROW.IS](http://ASWEGROW.IS)



# 30% afsláttur af öllum kortum og námskeiðum hjá Yogavitund út desember

## Þjóðum einnig upp á virkilega falleg gjafabréf sem henta vel í jólapakkann með 30% afslætti.

### Fjölbreyttir tímar í boði fyrir alla aldurshópa og öll getustig



YOGAVITUND

Garðatorgi 7 Garðabæ · Sími 556-4222 · [yogavitund.is](http://yogavitund.is) · [yogavitund@yogavitund.is](mailto:yogavitund@yogavitund.is)



# Leitin að Garðbæingnum okkar 2024 stendur yfir



Garðbæingurinn okkar 2023, Páll Ásgrímur Jónsson eða Páló eins og hann er alltaf kallaður og Sigríður Hulda Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar Garðabæjar

Í janúar nk. verður „Garðbæingurinn okkar 2024“ útnefndur í annað sinn. Garðabær óskar nú eftir tilnefningum frá íbúum.

komandi sem hlýtur nafnbótina fá árskort í sundlaugar Garðabæjar, árskort í Hönnunarsafn Íslands og þriggja daga gjafakort í Bláfjöll.

Líkt og í fyrra er hægt að senda inn tilnefningar í gegnum eyðublað sem má nálgast á vef Garðabæjar ([www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)). Opið er fyrir innsendingar á tilnefningum til 23. desember. Hver á nafnbótina skilið að þínu mati?

Í fyrra var það Páll Ásgrímur Jónsson, eða Páló eins og hann er alltaf kallaður, sem fékk fjölmargar tilnefningar frá bæjarbúum Garðabæjar og hlaut nafnbótina „Garðbæingurinn okkar 2023“.

#### Hver á nafnbótina skilið?

„Með þessu viljum við að vekja athygli á þeim íbúum Garðabæjar sem hafa jákvæð áhrif á bæjarbraginn á einn eða annan hátt, af nógu er að taka. „Garðbæingurinn okkar“ var útnefndur í fyrsta inn í fyrra og vakti framtakið mikla lukku,“ segir Almar Guðmundsson, bæjarstóri Garðabæjar, sem hvetur fólk til að staldra við og leiða hugann að því hver á nafnbótina „Garðbæingurinn okkar“ skilið að þessu sinni.

Dómnefnd velur svo „Garðbæinginn okkar 2024“ úr innsendum tillögum og mun við-

vistvera.is — 842 2022 — Garðatorg 3

# Ný verzlun á Garðatorgi

UMHVERFISVÆNAR  NÁTTÚRUVÖRUR

# VISTVERA



## Jólavörur Hafsins eru komnar í verslanir okkar.

Humar, humarsúpa, síld, reyktur og grafinn lax ásamt graflax og piparrótarsósu

[hafid.is](http://hafid.is)



# Máluðu piparkökur með mömmu og pabba



Það var stemning á meðal leikskólabarna á leikskólanum Ásum á dögnum, en þá stóð foreldrafélagið fyrir piparkökumálun. Boðið var upp á kakó og brauðmeti í sal

og börn og foreldrar skreyttu piparkökur á kjómunum, en mjög skemmtileg hefð hefur myndast í kringum piparkökumálunina í leikskólanum.



## Aðventan í Urriðaholtsskóla er ekki aðeins tími til að hlakka til jóla heldur einnig til að rækta vináttu, samkennd og gleði

**Aðventan er komin í Urriðaholtið og jólastemningin lætur ekki á sér standa.**

Þann 3. desember var haldin fyrsta jólagleðin í Urriðaholtsskóla þar sem nemendur úr 5. bekk buðu fjögurra ára nemendum á leikskólastigi að taka þátt í notalegri samverustund.

Viðburðurinn hófst með því að 5. bekkingar komu að sækja fjögurra ára börn, með heitt kakó og piparkökur í farteskinu. Börnin gengu saman yfir í Vinagarð, þar sem þau tóku þátt í leikjum, dádust að nýkveiktum ljósum á jólatrénu og nutu ljúffengs nestis í skemmtilegri samveru.

Nemendur beggja árganga sýndu einstaklega góða hegðun, kurteisi og virðingu, sem skapaði hlýja og notalega stemningu. Samskipt milli eldri og yngri barna voru til fyrirmyndar og staðfesta enn á ný mikilvægi þess að efla tengsl milli ólíkra aldurshópa í skólastarfi.

### Jólagleðin heldur áfram

Fleiri árgangar úr Urriðaholtsskóla munu á næstunni heimsækja Vinagarð til að njóta jólastemningar. Aðrir hópar munu fara í aðventuheimsókn í Golfklúbbinn Odd, þar sem jólaleg stemning ræður ríkjum, og einn árgangur á leikskólastigi hyggst

heimsækja Dæinn kaffihús þegar nær dregur jólum.

### Styrkir samfélagsandann í Urriðaholti

Þessir viðburðir leggja mikið af mörkum til að styrkja samfélagsandann í Urriðaholti og efla tengsl skólans við nærsamfélagið. Aðventan í Urriðaholtsskóla er ekki aðeins tími til að hlakka til jóla heldur einnig til að rækta vináttu, samkennd og gleði – við hlökkum mikið til áframhaldandi jólaundirbúnings og þeirra spennandi viðburða sem framundan eru.

eignaumsjon.is

VR

FYRIRMYNDAR  
FYRIRTÆKI 2023  
Eignaumsjón

2023 Fyrirmyndarfyrirtæki  
í rekstri

Vöskjalátið Ketlan

## Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.


Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

• EIGNAumsjón

lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30  
Reykjavík | Sími 585 4800





Kjötkompaní

# HÁTÍÐAR STEIKINA

FÆRÐU HJÁ OKKUR



VIÐ ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA

*Munið að þanta tímanlega*

[www.kjotkompani.is](http://www.kjotkompani.is)



578 9700



[kjotkompani@kjotkompani.is](mailto:kjotkompani@kjotkompani.is)



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)



# Dikta með jólatónleika í Sjálandi í kvöld



Það er nóg um að vera í Sjálandi veitingahúsi í desember, en í kvöld mun Garðbæiska hljómsveitin Dikta halda sína árlegu jólatónleika.

Það þarf vart að kynna Diktu fyrir Garðbæingum enda fyrir margt löngu búnir að syngja sig og spila inn í hjörtu þjóðarinnar með hverjum smellinum á fætur öðrum sem fengið hafa að hljóma á öldum ljósvakans. Síðustu ár hefur hljómsveitin jafnan haldið tónleika á þessum árstíma og spilað jólalög í bland við sín eigin lög í sparibúningi. Það verður engin breyting á því í ár og verður hugljúfur jólaandinn í algeru fyrirrúmi.

**Ylja með skemmtilegt jólaprógramm**  
Með fjölbreyttu og skemmtilegu jólagálagaprógrammi með lögum allt frá íslenska þjóðararfinum eins og um hinn sí svanga Jólakött yfir í poppaðari smelli á borð við Last Christmas vekja þær Bjartey og Gígja upp jólaandann og YLJA áheyrendum á Jólatónleikum á Sjálandi þann 19. des-

ember. Þeirra ómpýði söngur og hugljúfi gítarleikur er á þessum tíma árs sveipaður sannkölluðum jólaanda og verður engu til sparað í jólagleði og góðri stemningu hjá stelpunum að vanda. Því er tilvalið að hverfa frá jólaamstrinu um stund, koma sér vel fyrir í hlýjunni á Sjálandi og njóta ljúfra jólatónleika með góðan drykk í hönd. Húsið opnar kl 19:00 og tónleikar hefjast kl 20:00.

Hægt er að panta ljúffenga jólasmaréttaplatta fyrir tónleikana sem gaman er að gæða sér á áður en að tónleikarnir hefjast eða í hléi. Smaréttaplattana má panta inn á Tix.

#### Skötuveisla á Þorláksmessu

Þá mun Múlakaffi blása til glæsilegrar skötuveislu í Sjálandi á Þorláksmessu eins og greint var frá annars staðar í blaðinu og þar mun hinn rómaði rokksöngvari Mick Jagger (Björn Stefánsson) skemmta skötu-gestum. Miðasala fer fram á Dineout.is

# ÚTSKRIFT 2. FLOKKUR KK & KVK



**17. DESEMBER**

17:00-19:00



**MÍÐGARÐUR - 2. HÆÐ**

VEITINGAR Á STAÐNUM

Vefmiðill Garðapóstsins [www.kgp.is](http://www.kgp.is)

[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is) · [Twitter.com/Gardapostur](https://twitter.com/Gardapostur)

[Instagram.com/Gardaposturinn](https://www.instagram.com/Gardaposturinn)

# SKÖTUVEISLA

Ágætu velunnarar, hin árlega Skötuveisla Lionsklúbbs Álftaness verður að venju haldin á Þorláksmessu á milli kl. 11 og 17, í íþróttasal Íþróttamiðstöðvar Álftaness.

Boðið verður upp á skötu og saltfisk á aðeins 5.000 kr. fyrir fullorðna og 2.000 kr. fyrir 12 ára og yngri.

Borðapantanir fyrir hópa við bjóðum upp á 12 manna borð. Nánari upplýsingar og pantanir í síma 898-2088 eða [juri@simnet.is](mailto:juri@simnet.is)

Allur ágóði rennur til líknarmála





# Jólaandinn svífur yfir Garðatorgi í desember

- Fjölbreytt úrval af verslun, þjónustu og matsölustöðum
- Ýmsar uppákomur og viðburðir í desember

Gerum jólainnkaupin í  
heimabyggð

# Garða torg

VERIÐ VELKOMINN Á GARÐATORG Í GARÐABÆ

apríl  
SKÓR

FLATEY

maí

MATHÚS  
GARÐABÆJAR  
Ísland 2016

NN  
STUDIO  
noname.is

TE & KAFFI



Cleó  
Garðatorgi



HÖNNUNARSAFN  
MUSEUM OF DESIGN  
AND APPLIED ART  
ÍSLANDS

Blondie  
hársnyrtistofa

glæraugna  
pétur

ILSE JACOBSEN  
HORNBAEK  
RUB & RAIN WEBSHOP ICELAND



BAUM  
UND  
PFERDGARTEN

SNYRTISTOFAN  
Garðatorgi

YOGAVITUND

LYFJA  
- Lífð heil

Domino's

EFNALAUG  
GARÐABÆJAR

BÓKASAFN  
GARÐABÆJAR



Rakarastofa Garðabæjar



GARÐABÆR



# Frohe Weihnachten

Jólatónleikar þýska sendiráðsins  
á Íslandi í Vídalínskirkju þann  
13. desember klukkan 20.

Tónleikarnir eru haldnir í samstarfi við  
Menningu í Garðabæ og eru til  
styrktar Slysavarnafélaginu Landsbjörg.



Helga Bryndís



Gissur Páll



Hallveig



Matthías



Kristinn



Hildigunnur



Einar Örn



Jóhann

Mótettukórinn og Korsiletturnar.

Framúrskarandi listamenn flytja fjölbreytta tónlist.

